

LÖGMANNA BLAÐIÐ

Lögmannafélag Íslands

90 ára

1911 - 2001

7. árg.

Júní

3 / 2001

Pistill formanns

Af Merði lögmanni

Lögmannavaktin

Af innanhússknattspyrnumóti LMFÍ.

Umsögn Laganefndar um breytingu á

tóbaksvarnarlögum.

Málþing LMFÍ og Læknafélags Íslands

Málþing LMFÍ og Dómarafélags Íslands

Fréttir frá félagsdeild

Útgefandi:

Lögmannafélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Jóhannes Karl Sveinsson hrl.

Ritnefnd:

Bjarki H. Diego hrl.

Björn L. Bergsson hrl.

Ragnar H. Hall hrl.



Jóhannes Karl
Sveinsson hrl.

**Bann við
áfengisau-
lýsingum**

—
Bls. 7

Bjarki H. Diego hrl.

**Samnings-
bundið uppgjör
afleiðu-
samninga**

—
Bls. 13

Af Merði lögmanni

Gamall skólafélagi Marðar úr lagadeildinni hafði gengið í utanríkisþjónustuna að loknu prófi. Þetta var í þá tíð þegar kalda stríðið var engin hálfvelgja og á baksíðu Moggans birtist ávallt mynd af nýreknu rússnesku njósnaduflí á kosningadag. Af og til rakst Mördur á félagann og stundum sáust jafnvel myndir í blöðum þar sem félaginn skartaði kjölfötum og hvítum hönskum.

Merði fannst þetta diplómatí alltaf verið hálfgerður trúðsskapur. Þessir menn höfðu aldrei unnið raunveruleg lögfræðistörf. Hvað vissu þeir um listina að rukka inn víxla og barnameðlög - eða þá sælu sem fylgir því að hafa skilað góðu dagsverki. Nei Mördur áleit sig á réttiríllu í lífinu og reyndar í einu réttu hillusamstæðunni. Eitthvað merkingarlaust kvak í ríkisþjónustu með stimpilklukkuna yfir sér var sko ekkert fyrir hann. Auk þess hafði hann aldrei verið mikið fyrir ferðalög.

Einn mánudagsmorguninn hringdi síminn á skrifstofu Marðar. Ritariinn svaraði og kom svo hlaupandi inn á kaffistofu þar sem Mördur var að innbyrða fyrsta kaffibolla vinnuvikunnar: „Sendiherra Íslands í Mósambík, með aðsetur á Íslandi, er í símanum“ bunaði stúlkan - sem annars var heldur hæg til orða og verka - út úr sér. Á dauða sínum á Mördur von, en ekki þessu. Símtöl við stjórnarráðið voru fátíð á skrifstofu Marðar, mesta lagi að hann hefði stöku sinnum samband við utanríkisráðuneytið til að fá þá til að birta stefnur fyrir landflóttu skuldurum eða erlendum barnsfeðrum greiðvikinna íslenskra stúlkna.

Mördur rétti úr sér, ræskti sig og svaraði djúpri röddu í símann: „Mördur lögmaður hér - hvað getum við gert fyrir yður“. Hinum megin á línunni var kunnugleg rödd, var þar kominn félaginn úr lagadeildinni. „Jú heyrðu Mördur, gamli slúbbert, hvernig litist þér á að fara að vinna hjá okkur í ráðuneytinu - það er verið að setja á laggirnar eitthvað svona þjónustusvið, æ þú veist til að sinna erindum frá fólki úti í bæ. Okkur vantar einhvern í stjóradjobbð sem er vanur að tala við venjulegt fólk um raunveruleg vandamál - mér datt þú strax í hug. Ertu ekki orðinn leiður á þessu lögmannsharki hvort eð er“.

Lífshlaup Marðar rann fyrir augum hans sem leiftur. Gat þetta verið satt, hann sem bjóst ekki við að vinna framur annað starf nema ef vera skyldi sem kynnir á bíngókvöldum aldraðra í ellinni. Mördur þurrkaði upp bleytuna af kaffinu sem hafði skvettst úr bollanum við geðshræringuna og reyndi af megni að ná stjórn á röddinni: „Sjáðu til félagi, ég hafði nú ekki hugsað mér að skipta um starf, lögmannsstarf-

ið hefur marga góða kosti, maður ræður sér sjálfur og þarf ekki að hafa áhyggjur af stimpilklukkunni, ha.“ „En Mördur“ sagði félaginn, „þetta er ekki svo slæmt, þú færð fín laun, sex vikna sumarfrí, námskeið og fundi í útlöndum á dagpeningum og alltaf kominn heim klukkan fjögur - og svo eru það eftirlaunin. Hafðu samband við mig fyrir lok vikunnar“.

Í hönd fóru erfiðir dagar hjá Merði. Að vísu réði hann sér sjálfur, en það var jú bara þegar ekki voru mætingar hjá sýslumanni, niðri í héraðsdómi eða kunnarnir létu hann í friði. Þegar allt kom til alls áttáði Mördur sig á því að það voru allir aðrir en hann sjálfur sem stjórnuðu tímanum - og sumarfrí, eftirlaunin, dagpeningarnir. Mördur komst að þeirri niðurstöðu að ef til vill væri kominn tími til að breyta til, allt þetta puð og rex í gegnum árin hafði heldur ekki fært honum annað en magasár og almennt vantraust á samborgurunum, hugsaði hann.

Eftir að hafa þingfest þrjátíu og átta mál vegna ógreiddra dagheimilisgjalda á sólbjörtum fimmtudagsmorgni skeiðaði Mördur frá Lækjartorgi upp á Rauðarárstíg. Það gat ekki skaðað að kíkja á ráðuneytið, athuga betur með kjörin og samstarfsmennina væntanlegu. Í móttökunni var til svars virðulegur eldri maður sem virtist gegna starfi símadömu. Jú, þetta eru víst nýir tímar, hugsaði Mördur með sér, kynnti sig og spurði eftir gamla félaganum úr lagadeildinni. „Sendiherrann þurfti að fara erlendis í gær en sviðstjóri innlends sviðs einkamála tekur á móti þér“ sagði símaherrann.

Mördur tók lyftuna á þriðju hæð og gekk rakleitt inn á skrifstofu sviðsstjórans. Ung stúlka sat við skrifborð, horfði út um gluggann og talaði í símann. Mördur gat ekki annað en heyr á tal hennar: „Ég er að fara á ráðstefnu í Brussel á morgun um eitthvað EB dæmi, hrikalega leim fundur en hótelið er fint og það er alltaf stuð að djamma með krökkunum í Brussel. Annars þarf ég víst að tala við einhvern rykfallinn lúser herna á eftir sem á að taka við skítamálaveseninu í ráðuneytinu þannig ég veit ekki hvort ég kemst í power-jóga í hádeginu.“

Mördur smeygði sér hljóðlaust út úr herbergi sviðsstjórans. Hann gekk niður stígann og fylltist um leið vissu þess manns sem er á réttiríllu í lífinu og veit að lífið er ekki hótélbar í Brussel. Hann mundi eftir því að á fimmtudögum var móðir hans með kjótbollur í hádeginu og eftir hádegid þurfti hann að skutlast eftir nokkrum þrotabúum suður í Hafnarfjörð. Það var því kátur Mördur sem gekk út úr ráðuneytinu og kvaddi öldunginn á símanum.

Fjögur félög lögfræðinga ?

Meiri þróttur með auknu samstarfi í fræðslu- og útgáfumálum ?

Lögmannafélagið er deildarskipt. Annars vegar lögbundni hlutinn þar sem við lögmennt eigum skylduáðild samkvæmt lögum um lögmennt og hins vegar félagsdeildin sem við höfum heimild skv. 5. mgr. 3. gr. sömu laga til að starfrækja. Flestir starfandi lögmennt eiga aðild að félagsdeildinni.

Helstu viðfangsefni félagsdeildar



Ásgeir Thoroddsen, hrl., formaður L.M.F.Í.

mætti efla frekar félagsdeild okkar en hún þarf að standa undir sér með innheimtum árgjöldum. Kostnaði félagsdeildar verður ekki velt yfir á lögbundna hlutann.

Margt funda og fræðsluefni höfðar til allra lögfræðinga meðan annað sérhæfðara efni aðeins til hluta þessa hóps eða aðeins til hluta lögmennta.

Stjórn LMFÍ vill kanna hvort vilji er til þess hjá okkar félagsmönnum og félögunum í Lögfræðingafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands og Sýslumannafélagi Íslands að skoða til hlítar skynsemi þess að sameina að einhverju eða flestu leyti verkefni félaganna fjögurra í fræðslu- og útgáfuverkefnum. Ég hef rætt við formenn hinna félaganna og eru þeir allir áhugasamir að kanna samstarfsmöguleika á þessum sviðum með opnum huga.

Lögmannafélag Íslands, Lögfræðingafélag Íslands og Dómarafélag Íslands hafa um nokkurt skeið staðið sameiginlega að námskeiðum sem framkvæmd hafa verið af Endurmenntunartofnun Háskóla Íslands og samstarf félaganna þar verið með miklum ágætum.

Tekjur félagsdeildar LMFÍ af félagsgjöldum eru árlega tæpar 2.6 milljónir króna. Árgjaldið er 8.000 krónur og félagsmenn 362. Hjá félagsdeild vinnur starfsmaður í 70% starfi.

Lögfræðingafélag Íslands er fræðafélag íslenskra lögfræðinga og sjálfsagt flestir lögfræðingar, lögmennt, dómara og sýslumenn þar félagsmenn eða um 960 talsins. Starfsmaður er þar í 20 til 30% hlutastarfi.

Skrifstofuáðstaða er í húsnæði Lögmannafélagsins í Álftramýri 9.

Í Dómarafélagi Íslands eru rúmlega 60 félagsmenn. Það er félag

Stjórn LMFÍ vill kanna hvort vilji er til þess hjá okkar félagsmönnum og félögunum í Lögfræðingafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands og Sýslumannafélagi Íslands að skoða til hlítar skynsemi þess að sameina að einhverju eða flestu leyti verkefni félaganna fjögurra

eru námskeið, fræðslufundur, fundarhöld, útgáfa, rekstur bókasafnsins og almenn félagsstörf.

Augljóst er að hjá félagsdeild Lögmannafélagsins er unnið að fræðslu, símenntun, útgáfumálum og fundarhöldum með svipuðum hætti og hjá Lögfræðingafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands og Sýslumannafélagi Íslands. Félögin eru vissulega misöflug en í þeim öllum eru lögfræðingar sem nýta öllum eru lögfræðingar sem nýta menntun sína í starfi og hafa áhuga og þörf fyrir að halda þekkingu sinni við og vilja halda tengslum við aðra lögfræðinga.

Stjórn LMFÍ hefur rætt hvernig

Lögmannafélag Íslands

Álftramýri 9, 108 Reykjavík
sími (telephone): 568-5620
bréfsími (telefax): 568-7057
tölupóstur (E-mail): lmfí@lmfí.is
heimasíða: www.lmfí.is

Stjórn L.M.F.Í.

Ásgeir Thoroddsen hrl.,
formaður
Helgi Birgisson hrl.,
varaformaður
Ársæll Hafsteinsson hdl.,
gjaldkeri
Lára V. Júlíusdóttir hrl.,
ritari
Helgi Jóhannesson hrl.,
meðstjórnandi

Starfsfólk L.M.F.Í.

Ingimar Ingasson,
framkvæmdastjóri
Jóna Kristjana Kristinsdóttir,
félagsdeild
Guðný Gísladóttir, ritari

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn:
kr. 1.500 + vsk.

Verð pr. tölublað kr. 300 + vsk.

Netfang ritstjórnar: jks@landslog.is

Prentun:

Ísafoldarprentsmiðja

Umsjón auglýsinga:

Öflun ehf., sími 533 4440

starfandi dómara og fyrrum dómara.

Í Sýslumannafélagi Íslands eru um 40 lögfræðingar.

Nú er aldeilis ekki hugmyndin að sameina öll þessi félög í eitt félag heldur hitt að auka kraft og starf þeirra með því að sameina krafta og geta þannig sýnt meiri þrótt í fræðslustarfi, námskeiðum, fundarhöldum og útgáfu.

Opnun nýrrar heimasíðu LMFÍ á Þingvöllum 8. júní 2001

Undanfarið hefur Lögmannafélag Íslands unnið að smíði og uppsetningu nýrrar heimasíðu fyrir félagið. Þótti við eiga að nota þennan vettvang á fjölmennu og velheppnuðu málþingi Lögmannafélagsins og Dómarafélagsins um rafræn viðskipti og lögfræði á tölvuöld, til að opna nýja heimasíðu félagsins formlega.

Tími var kominn til að smíða nýja heimasíðu fyrir félagið. Eldri heimasíða, sem þjónað hafði félaginu um nokkurt skeið, þótti orðin takmörkuð og lítt notendavæn.

Aflað var tilboða og síðan gengið til samninga við fyrirtækið Vef ehf. Stjórnin skipaði fimm manna nefnd, sem hafði með höndum þarfagreiningu eða uppbyggingu

nettrés fyrir heimasíðuna. Í nefndinni voru Helgi Birgisson, hrl. og núverandi varaformaður félagsins, Gunnar Thoroddsen, hdl., Ingimar Ingason framkvæmdastjóri félagsins og Jóna K. Kristinsdóttir deildarstjóri félagsdeildar.

...nú eiga allar breytingar um nýja félagsmenn, nýtt aðsetur eða vinnustað, símanúmer eða tölvupóstfang, að uppfærast sjálfkrafa og samdægurs í viðeigandi skrá á heimasíðunni.

Samhliða smíði heimasíðunnar var unnið að endurhönnun gagnagrunns til að halda utan um margþættar upplýsingar um félagsmenn, þannig að nú eiga allar breytingar um nýja félagsmenn, nýtt aðsetur eða vinnustað, símanúmer eða tölvupóstfang, að uppfærast sjálfkrafa og samdægurs í viðeigandi skrá á heimasíðunni.

Auk almennra upplýsinga um félagið, stjórn þess og starfsmenn, er að finna fjölbreytt efni á síðunni, má nefna:

- Fréttir af félagsstarfi og tilkynningar um viðburði sem félagið stendur fyrir.
- Handbók lögmannna.
- Þjónustuskrá lögmannna er nýjung í þjónustu Lögmannafélags Íslands. Þar getur almenningur leitað lögmannna eftir réttarsviðum.
- Einnig er að finna á síðunni efni sem félagið gefur út eða hefur gefið út eins og Lögmannablaðið, fréttabréf LMFÍ og félagsdeildar.
- Þá er að finna á síðunni upplýsingar um þjónustu félagsdeildar LMFÍ, t.d., innlend og erlend námskeið fyrir lögmennt og aðra lögfræðinga, námskeið fyrir ólögkært starfsfólk á lögmannstofum eða sem starfa með lögfræðingum hjá fyrirtækjum eða stofnunum, afsláttarsamninga, ýmsa íþróttaviðburði o.fl.
- Undir liðnum bókasafn, er m.a. að finna bókaskrá, sem hægt er að skoða beint í gegnum tölvu og kanna hvort tilteknar bækur eða tímarit séu til staðar á bókasafni félagsins. Þar er einnig að finna tengla inn á bókabúðir, forlög og fleiri sem gefa út eða selja bækur og tímarit á sviði lögfræði.
- Þá er á síðunni að finna upplýsingar um úrskurðarnefnd lögmannna, þar sem hægt er að nálgast reglur um málsmeðferð fyrir nefndinni, feril kvartana, úrskurði nefndarinnar, ásamt kvörtunareyðublaði, sem nota má við gerð kvartana á hendur lögmanni.
- Á heimasíðunni er einnig að finna umsagnir laganefndar LMFÍ. Nokkrar umsagnir laganefndar um lagafrumvörp hafa verið mikið til umræðu undanfarnar vikur, sem sýnir að álit lögmannna á efni frumvarpa vekur athygli þótt misjafnlega sé farið eftir álitum laganefndar.
- Loks er að finna lista yfir athyglisverðar heimasíður á sviði lögfræði eða þar sem nálgast má þjónustu sem lögmennt þurfa á að halda.

Útleiga á fundarsal

Lögmenn geta fengið leigðan fundarsal á jarðhæð í húsnæði félagsins undir t.d. skiptafundi, gerðardómsmál o.fl.

Salurinn rúmar u.þ.b. 20-25 manns ef setið er við borð en annars eru sæti fyrir um 35-40 manns.

Leiguverðið er 2.500 krónur fyrir klukkustundina auk virðisaukaskatts.

Einnig er hægt að panta kaffiveitingar.

**Tekið er við
pöntunum á skrifstofu L.M.F.Í.**

Hæstiréttur Íslands

Nettle: <http://www.haestirettur.is>

HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS

DÓMAR

LÖG & REGLUR

UM HÆSTARÉTT

LEITARVÉL

PÓSTUR

TENGT EFNI

ENGLISH



HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS



Velkomin á heimasíðu Hæstaréttar Íslands

Hér er að finna ýmsar upplýsingar um æðsta dómstól þjóðarinnar, skipulag hans og starfsemi. Hæstiréttur var stofnaður með lögum nr. 22/1919 og tók formlega til starfa 16. febrúar 1920.

KRAFTAVERK

FÁÐU UPPLÝSINGARNAR Á HEIMASÍÐUNNI

Pú getur m.a. nálgast eftirfarandi:

- Alla uppkveðna dóma réttarins frá 1. janúar 1999
- Dóma sem birtir eru í beinu framhaldi af dómsuppkvaðningu
- Upplýsingar um hvaða málum hafi verið áfrýjað til réttarins
- Upplýsingar um hvaða mál verði flutt á komandi vikum
- Upplýsingar um sögu, samsetningu og starfsemi réttarins
- Upplýsingar um Hæstarétt á ensku



HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS

Dómshúsinu við Arnarhól, Lindargötu 2 • Sími: 510 3030

Opnun nýrrar heimasíðu Lögmannafélags Íslands

Á málþingi Lögmannafélags Íslands og Dómarafélags Íslands sem haldið var á Þingvöllum 8. júní s.l., opnaði formaður Lögmannafélagsins, Ásgeir Thoroddsen, hrl., nýja heimasíðu félagsins með formlegum hætti, en unnið hefur verið að smíði og uppsetningu síðunnar undanfarið ár. Þótti viðeigandi að opna síðuna á Þingvöllum, hinum forna þingstað Íslands og einum helgasta reit íslenskrar réttarsögu.

Hugbúnaðarfyrirtækið Vefur ehf. sá um smíði heimasíðunnar, en undirbúningur og uppbygging nettrés fyrir heimasíðuna var í höndum fjögurra manna nefndar sem stjórn félagsins skipaði, en í henni sátu Helgi Birgisson, hrl., Gunnar Thoroddsen, hdl., Ingimar Ingason og Jóna K. Kristinsdóttir.

Samhliða smíði heimasíðunnar voru gerðar umtalsverðar breytingar á gagnagrunni sem félagið hefur notast við til að halda utan um margþættar upplýsingar um félagsmenn, þannig að nú eiga allar breytingar sem gerðar eru á upplýsingum í grunninum, hvort heldur sem um er að ræða nýja félagsmenn, nýtt aðsetur eða vinnustað, símanúmer eða tölvupóstfang, að uppfærast sjálfkrafa og samdægurs á viðeigandi skrár á heimasíðunni.

Í grein sem þessari er ógerlegt að gera tæmandi skil á því efni sem birt er á heimasíðunni, en á henni er að finna efni sem bæði er ætlað lögmonnum og almennungi. Þar má t.d. finna fréttir af félagsstarfi og tilkynningar um viðburði sem félagið stendur fyrir. Einnig er handbók lögmanna á síðunni með öllum þeim upplýsingum sem lögmenn og sjálfsagt

fleiri þekkja úr prentaðri útgáfu handbókarinnar. Einnig er að finna á síðunni efni sem félagið gefur út eða hefur gefið út og ber þar helst að nefna Lögmannablaðið, fréttabréf LMFÍ og félagsdeildar. Þá er að finna á síðunni upplýsingar um þjónusta félagsdeildar LMFÍ, t.d. um afsláttarsamninga, ýmsa íþróttaviðburði, innlend og erlend námskeið fyrir lögmenn og aðra lögfræðinga, ásamt námskeiðum fyrir ólögglært starfsfólk á lögmennsstofum eða sem starfa með lögfræðingum hjá fyrirtækjum eða stofnunum. Undir liðnum bókasafn á síðunni, er m.a. að finna rafræna bókaskrá, sem hægt er að skoða beint í gegnum tölvu og kanna hvort tiltekna bækur eða tímarit séu til staðar á bókasafni félagsins. Þar er einnig að finna tengla inn á bókabúðir, bókaforlög og fleiri sem gefa út eða selja bækur og tímarit á svið lögfræði. Bókaskráin er eingöngu opin félagsmonnum í félagsdeild. Þá er á síðunni að finna upplýsingar um úrskurðarnefnd lögmanna, þar sem hægt er að nálgast reglur um málsmeðferð fyrir nefndinni, feril kvartana, úrskurði nefndarinnar, ásamt kvörtunareyðublaði, sem nota má við gerð kvartana á hendur lögmanni. Á heimasíðunni er að finna umsagnir laga-nefndar LMFÍ, og Þjónustuskrá lögmanna, sem er nýng í þjónustu Lögmannafélags Íslands, þar sem almennungur getur leitað að lögmanni eftir réttarsviðum. Þannig losnar fólk sem aðgang hefur að internetinu, við að hringja stofu af stofu í leit að lögmanni til að annast mál á tilteknu sviði, þar sem það getur nú fyrirhafnarlitið fundið þá lögmenn

sem sinna slíkum málum. Einnig gefst sjálfstætt starfandi lögmönnum með þessu kostur á að bjóða þjónustu sína á afar aðgengilegan hátt. Loks er að finna á síðunni lista yfir athyglisverðar heimasíður á sviði lögfræði eða þar sem nálgast má þjónustu sem lögmenn þurfa á að halda. Ekki er ástæða til að fara út í upptalningu þessara vefslóða hér, en mönnum bent á að skoða það sem þar er í boði.

Sú heimasíða sem opnuð hefur verið er ekki endanleg, frekar en aðrar síður á þessum tiltölulega nýja miðli sem internetið er. Síðunni er ætlað að vera síbreytileg og aðlaga sig þeim nýjungum og breytingum sem upp koma í því umhverfi sem hún hrærist í. Henni er ætlað að vera upplýsingabanki fyrir félagsmenn, aðra lögfræðinga og starfsmenn þeirra, um það sem félagið og félagsdeildin standa fyrir. Henni er einnig ætlað að vera vettvangur þeirra sem þurfa á lögmennþjónustu að halda og/eða hafa áhuga á þeim málefnum sem félagið og einstakar nefndir þess vinna að. Einnig er stefnt að því að auka við efni síðunnar á ensku og jafnvel koma að upplýsingum á fleiri tungumálum og auka þannig útbreiðslu og notagildi síðunnar enn frekar.

Lögmannafélag Íslands og félagsdeild hvetja félagsmenn til að skoða það efni sem síðan hefur upp á að bjóða og einnig eru allar ábendingar um lögfræðileg efni sem gjarnan mætti vera á síðunni vel þegnar, svo og ef menn hafa einhverjar athugasemdir fram að færa varðandi það efni sem fyrir er.

Ingimar Ingason, framkv.stj.

Bann við áfengisauglýsingum

Greinarhöfundur var síðast liðið haust skipaður verjandi manns sem ákærður var fyrir að hafa, sem framkvæmdastjóri tiltekins fyrirtækis og ábyrgðarmaður tímarits sem fyrirtækið gaf út, gerst sekur um áfengislagabrot með því að hafa birt eða látið birta áfengisauglýsingar í tímaritinu. Í málinu reyndi á skýringu á ákvæðum VI. kafla áfengislaganna nr. 75/1998 og raunar ekki síður fyrirkomulag refsíábyrgðar samkvæmt lögum um prentrétt nr. 57/1956.

Maðurinn var sýknaður í héraðsdómi. Réðst sú niðurstaða fyrst og fremst af því að talið var að vafi ríkti um það hvort fremur hefði átt að beina refsikröfum að þeim sem keyptu auglýsinguna, þ.e. umboðsaðilum veiganna á Íslandi, en útgefandanum. Vísaði héraðsdómari m.a. hæstaréttardóms í þekktu máli ákæruvaldsins gegn framkvæmdastjóra Ölgerðar Egils Skallagrímssonar (mál nr. 415/1998) þar sem talið var að svokölluð nafngreining höfundar í skilningi prentrettarlaganna væri fyrir hendi þegar í auglýsingu kæmi fram skráð vörumerki sem klárlega mætti rekja til ákveðins aðila. Ákæruvaldið undi héraðsdómnum.

Niðurstaða héraðsdómarans er athyglisverð um skýringu á ákvæðum prentrettarlaganna um tilhögun refsíábyrgðar vegna auglýsinga og má um það nánar vísa til dómsins sjálfs (Héraðsdómur Reykjavíkur, 27. desember 2000 í málinu nr. S-1206/2000). Það eru þó fleiri atriði varðandi þetta mál og réttarstöðuna almennt sem hér verður beint sjónum að og vöngum velt yfir.



Jóhannes Karl Sveinsson brl.

1. Auglýsingabann áfengislaganna

Bann áfengislaganna virðist í fyrstu vera algjörlega afdráttarlaust. Hvers konar auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum eru bannaðar. Enn fremur er bannað að sýna neyslu eða hvers konar aðra meðferð áfengis í auglýsingum eða auglýsingum um annars konar vöru eða þjónustu.

Refsíákvæði áfengislaganna vegna auglýsinga eru hins vegar að mínu mati ónothæf og úr sér gengin. Dæmi um sniðgöngu þeirra eru svo mörg og augljós...

Ekki verður dregið í efa að tilgangur löggjafans er göfugur með þessari lagasetningu. Áfengi getur verið hræðilegur skaðvaldur. Sá sem neytir áfengis í óhöfi er ekki eina fórnarlambið, fjölskylda hans og þjóðfélagið í heild skaðast af áfengisbölinu. Það er reyndar sjónarmið sem oft virðist gleymast í málflutningi þeirra sem mæla með nánast skefjalausu frelsi á sviði neyslu og sölu vímugjafa sem á engan hátt er tekið undir í þessari grein.

Refsíákvæði áfengislaganna vegna auglýsinga eru hins vegar að mínu mati ónothæf og úr sér gengin. Dæmi um sniðgöngu þeirra eru svo mörg og augljós að ekki þarf að eyða á það mörgum orðum. Löggjöf um takmörkun á mannréttindum (sem auglýsingar óneitanlega eru í skjóli tjáningarfrelsisins) verður að byggja á traustum grunni og vera þannig gerð að jafnræðis sé gætt. Virðingu fyrir lögum þverr óneitanlega almennt þegar augljóst er að hver sem vill getur með örlitilli hugkvæmni hæglega komið sér hjá því að sæta ábyrgð. Þá er ljóst að með tilkomu Internetsins og endurvarps erlendra sjónvarpsstöðva á Íslandi eiga áfengisauglýsingar greiða leið almennt að íslenskum neytendum.

Íslenska ríkið hefur einkarétt á sölu áfengis til almennings í landinu og hefur miklar tekjur af þeirri einkasölu. Varningurinn er m.ö.o. löglegur og ekki hefur verið amast við kynningu ÁTVR á eigin starfsemi sem eingöngu felst í að selja áfengi og tóbak.

Niðurstaðan hér er sú að hinn móralski tvískinningsháttur ásamt gloppótri og tilviljanakenndri tilhögun refsíábyrgðar er ekki boðlegur á sviði löggjafar. Löggjafinn verður að taka þetta mál upp frá grunni enda er öllum þeim sem vilja skilja það fullljóst að baráttan gegn áfengisbölinu á þessu nótum er löngu töpuð. Allt annað er óraunhæft hjál.

2. Jafnræði og undanþágur áfengislaganna

Í áfengislögum er að finna undanþágur frá banni við áfengisauglýsingum. Sú sem vekur mesta athygli í löggjafarlegu tilliti er undanþágan um auglýsingar í *erlendum prentritum sem flutt eru til landsins*, sbr. 4. mgr. 20. gr. áfengislag-

anna. Ekki er alveg ljóst hvað þetta ákvæði merkir, t.d. má spyrja hvort nægilegt sé fyrir útgefanda blaðs eða tímarits á íslensku að stofna útgáfufyrirtæki í Færeyjum og þá falli áfengisauglýsingabannið niður því ekki virðist gert að skilyrði að prentritið sé á erlendri tungu. Jafnframt skapast margs konar spurningar við tilkomu Internetsins og vistun heimasíðna þar sem áfengisauglýsingar er að finna.

Þá má einnig benda á að flestir Íslendingar sem ferðast hafa til útlanda þekkja tímaritið Atlantica sem dreift er í millilandaflugi. Þar

framboð á auglýsingum í „erlendum“ miðlum er á engan hátt heft en íslenskir fjölmiðlar og seljendur geta þurft að sæta refsingum fyrir að miðla nákvæmlega sömu upplýsingum til nákvæmlega sömu lesendanna.

er líklega að finna eitt helsta áfengisauglýsingatímarit sem um

getur. Þessi auglýsingastarfsemi nýtur reyndar sérstakrar blessunar íslenskra yfirvalda. Í bréfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins frá 5. september 1984 til útgefanda Atlantica er þeirri skoðun ráðuneytisins lýst að tóbaksauglýsingar í tímaritinu falli ekki undir þágildandi lagaákvæði um bann við tóbaksauglýsingum. Þetta er þó tímarit sem gefið er út af íslensku fyrirtæki og prentað á Íslandi eftir því sem best er vitað. Því er dreift í 40.000 eintökum sex sinnum á ári og í upplýsingum frá útgefanda kemur fram að 31% lesenda sé Íslendingar. Með mikilli einföldun má því gera ráð fyrir að 74.400 Íslendingar lesi þetta tímarit árlega með öllum sínum áfengisauglýsingum.

Víðs vegar má sjá erlend tímarit í hillum við hlið sambærilegra íslenskra tímarita þar sem hin fyrrnefndu auglýsa óátalin áfengi og tóbak en hin íslensku ekki. Engin aldurstakmörk gilda fyrir kaupum á erlendum tímaritum.

Samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárrinnar skulu allir vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda, m.a. án tillits til þjóðernisuppruna eða stöðu að öðru leyti. Viðurkennt er að atvinnufrelsið skv. 75. gr. stjórnarskrárrinnar er hluti þeirra mannréttinda sem mönnum er tryggður réttur til í jafnræðisákvæðinu. Að mínu mati er verulega vafasamt að löggjöf um áfengisauglýsingar og framkvæmd hennar uppfylli þær kröfur sem stjórnarskráin gerir til jafnræðis í ljósi þess að framboð á auglýsingum í „erlendum“ miðlum er á engan hátt heft en íslenskir fjölmiðlar og seljendur geta þurft að sæta refsingum fyrir að miðla nákvæmlega sömu upplýsingum til nákvæmlega sömu lesendanna.

Er ekki kominn tími til að hugsa þetta mál upp á nýtt?

Frá ritstjóra og ritnefnd:

Aðsendar greinar

Félagsmenn eru hvattir til að rita í blaðið greinar, langar eða stuttar, um hugðarefni sín er tengjast störfum lögmanna. Til að auðvelda vinnslu blaðsins væri æskilegt að aðsendar greinar kæmu bæði prentuðu formi og á tölvudiskum, t.d. í Word eða Word-Perfect ritvinnsluformi. Þá þarf helst ljósmynd af greinarhöfundi að fylgja.

Endurrit hæstaréttardóma

L.M.F.Í. lætur fjölfalda og sendir áskrifendum endurrit hæstaréttardóma á mánaðarfresti.

Endurritin eru í lausblaðaformi og með efnisyfirliti.

**Áskrift er hægt að panta á skrifstofu
L.M.F.Í., í síma 568-5620.**

Umsögn um frumvarp til tóbaksvarnarlag

Laganefnd Lögmannafélags Íslands heimilaði Lögmannaþinginu að birta umsögn nefndarinnar, dags. 20. febrúar s.l., um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir og fer hún hér á eftir í heild sinni.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir nr. 74/1984-126. löggjafarþing þskj. 484 – 345. mál

Lögmannafélagi Íslands hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar. Samkvæmt athugasemdum með frumvarpinu er tilgangur þess að leita frekari leiða til að draga úr reykingum. Er m.a. tekið fram, að tilgangur breytingalaga nr. 101/1996 hafi verið sá að efla tóbaksvarnir, en þó þurfi enn að bæta löggjöfina með nýjum og fyllri ákvæðum um markaðssetningu og sölu tóbaks og vernd gegn tóbaksmengun andrúmslofts. Var frumvarpið samið af **tóbaksvarnanefnd**, sem í sitja þrír nafngreindir lækna með tilstyrk heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

Lögum um tóbaksvarnir var síðast breytt með lögum nr. 101/1996. Í athugasemdum með því frumvarpi var nokkur grein gerð fyrir rannsóknnum, sem tillögur þess byggðust á, svo og tillögum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar, þróun í öðrum nafngreindum löndum á tilteknum sviðum og tilskipunum Evrópusambandsins, sem Íslendingum er skylt að fylgja í samræmi við ákvæði EES-samningsins. Í fyrirliggjandi frumvarpi eru tilvísanir allar mjög miklu almennari en því sem varð að lögum nr. 101/1996 og ekki er sérstaklega vísað til athugasemda með frumvarpinu frá 1996. Vel má vera, að allar fullyrðingar sem settar eru fram í athugasemdum með frumvarpinu um skaðsemi tóbaks, afstöðu almennings, reynslu úr öðrum löndum og þróunar á þessu

sviði annarsstaðar, séu réttar og byggðar á traustum heimildum. Sá galli er þó á, að vísað er almennt til rannsókna og kannana án þess að nokkursstaðar sé greint hvernig hafi verið staðið að þeim rannsóknum eða á hvers vegum þær hafi verið gerðar. Í ummælum um skoðanakannanir hérlendis er sumpart vísað til nærri 10 ára gamallar könnunar og að hluta til könnunar á vegum tóbaksvarnanefndar á síðastliðnu ári. Hvorki er í fylgigögnum greint frá því, hvernig kannanir voru gerðar, né hvernig kannanir voru gerðar, að ætlast sé til þess að löggjafinn taki orð tóbaksvarnanefndarmanna, vafalaust hinna mætustu manna, sem sönnun um niðurstöðu rannsókna og kannana, sem löggjafinn fær engar upplýsingar um hverjir gerðu eða hvernig voru gerðar. Er vandséð að löggjafinn geti unað við slíkan undirbúning löggjafar, þótt enginn efast um vilja löggjafans til þess að draga úr þeim skaða, sem óumdeilt er að einkum reykingar valdi.

Í frumvarpinu eru ýmsar tillögur, sem líklegar eru til þess að draga úr aðgengi að tóbaki og því líklegar til þess að draga úr skaðsemi reykinga. Aðrar tillögur ganga mjög langt í því að auka skyldu til opinbers eftirlits með einkahögum fólks og ganga mjög langt til að takmarka athafnir þess. Verður að efast um, að undirbúningsnefnd frumvarpsins hafi sérstaklega haft í huga ákvæði VII. kafla stjórnarskrár nr. 33/1944 eins og henni var breytt með lögum nr. 97/1995. Gæta verður þess, að verulegur fjöldi borgaranna reykir og mikill

meirihluti þeirra er ekki á barns- eða unglingsaldri. Innflutningur, sala og neysla tóbaks er heimil og þeir sem reykja, nota tóbak í öðru formi, eða selja tóbak njóta einnig réttinda. Að sjálfsgöðu takmarkast þau réttindi, eins og önnur, við það að ekki skaði aðra sem ekki fáí rönd við reist. Einnig verður að benda á, að löggjöf bætir ekki öll mannana mein og löggjöf kemur ekki í stað eðlilegra samskiptareglna í samfélagi fólks.

Í upphafi athugasemda með frumvarpinu er þess getið, að Íslendingar hafi verið í fararbroddi í tóbaksvörnum meðal þjóða heims og það sé ætlun ráðherra og tóbaksvarnanefndar, að svo verði áfram. Þessi lofsverði metnaður leggur löggjafanum þó á herðar alveg sérstakar skyldur um að vanda vel til undirbúnings löggjafar á þessu sviði og gera sér fulla grein fyrir því, hvaða aðgerðir séu líklegar til að bera árangur án þess að gengið sé of nærri rétti borgaranna og að fullu sé gætt ákvæða VII. kafla stjórnarskrár. Undirbúningsgögn verða að vera vönduð og glögg þannig að löggjafinn hafi skýrar leiðbeiningar um nytsemi einstakra ákvæða. Þótt viljinn sé nauðsynlegur, er hann einn ekki nægur.

Hér á eftir verða gerðar athugasemdir við nokkrar greinar frumvarpsins.

Í **1. gr.** frumvarpsins er í 3. sbr. 2. málsgrein kveðið á um, að þeir sem beri ábyrgð á barni skuli stuðla að því að barnið njóti réttar um að anda að sér lofti sem ekki sé mengað tóbaksreyk, einnig þar sem reykingar eru ekki bannaðar.

Þetta er að sjálfsögðu mjög lofsvert markmið. Hætt er þó við, að heilbrigðisefirliti og barnaverndaryfirvöldum aukist erfiði við að tryggja að þessu markmiði verði náð, án þess að brotið verði gegn 71. gr. stjórnarskrár. Er vandséð, að refsí-ákvæði í lögum um tóbaksvarnir verði til þess að markmiðið náist og þá betur heima setið en af stað farið. Telja má sennilegt, að hvatningaraðgerðir séu líklegri til árangurs.

Í 6. gr. frumvarpsins er lagt til að 3 nýjar málsgreinar bætist við 7. gr., þar á meðal: *Óheimilt er að setja á markað hér á landi tóbak undir vörumerkjum sem eru þekkt sem eða notuð sem merki fyrir aðra vöru eða þjónustu.* Ljóst er, að færst hefur í vöxt, að tóbaksframleiðendur freisti þess að selja aðra vöru í krafti velþekkttra vörumerkja sinna, eru CAMEL-skór og fatnaður gott dæmi um það. Gæta verður þó að því, að ýmis fyrirtæki sem selja munaðar- og tískuvarning hverskonar selja einnig tóbaksvörur eða reykfæri, má í dæmaskyni nefna alþjóðlega þekkt vörumerki eins og Yves St. Laurent, Dior, Cartier, Alfred Dunhill og mörg fleiri. Yrði greint ákvæði að lögum, væri þessum fyrirtækjum, vörumerkjum, óheimilt að selja tóbaksvörur eða reykfæri hér á landi, ef þau vildu einnig hafa á markaði klúta sína, föt og skartgrip. Virðist frumvarpshöfundum ekki sérlega annt um vernd vörumerkja. Verður ekki séð, að nokkur þörf sé til þess að breyta núverandi ákvæðum 2. töluliðar 3. mgr. 7. gr. tóbaksvarnarlaga. Í athugasemdum er þess getið, að hliðstætt ákvæði sé í norsku tóbaksvarnalögunum, en ekki sagt hvernig það ákvæði er orðað. Þess er og heldur ekki getið, hvernig slíkt ákvæði í norskum lögum er talið hafa reynst.

Í 8. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á núverandi 9. gr. laganna og er lagt til, að hin almenna regla verði, að tóbaksneysla verði bönnuð nánast allsstaðar þar sem fólk kemur saman innandyra. Leyfa megi þó reykningar á veit-

inga-og skemmtistöðum, enda sé fullnægjandi loftræsting, og meirihluti veitingarýmis skuli ávallt vera reyklaus. Í athugasemdum er þess getið, að núverandi ákvæðum um reyklaus svæði hafi verið slælega framfylgt. Vandséð er, að auðveldara verði þá að framfylgja strangari ákvæðum. Almenn ummæli um æ meiri óánægju í vaxandi hópi fólks gera lítið til að réttlæta lagasetningu, sem ljóst er að erfitt, ef ekki ómögulegt, verður að framfylgja. Er hér aftur minnt á, að ekki verða öll mannanna mein bætt með lagasetningu.

Í 7 mgr. 8. gr. er lagt til að tóbaksreykingar verði bannaðar í öllu húsrými í sameign fjölbýlishúsa. Minna verður á, að samkvæmt lögum um fjöleignarhús nr. 26/1994 eru húsfélögum veitt næg úrræði til þess að setja reglur um samskipti eigenda, þar á meðal um not sameignar. Er vandséð hversvegna löggjafinn grípi inn í eignarrétt eigenda og setji reglur, sem eigendurnir hafa beinar heimildir til þess að setja sjálfir. Skal enn minnt á takmarkanir þess að mannanna mein verði öll bætt með löggjöf.

Í 11. gr. frumvarpsins er kveðið á um að hver maður skuli eiga rétt á reyklausu andrúmslofti innan dyra á vinnustað sínum. Kunnara er en frá þurfi að segja, að markvissar hvatningaraðgerðir hafa á undanförunum árum leitt til þess að æ fleiri vinnustaðir eru reyklausir. Hefur það sennilega tíðast ráðist af samstöðu starfsmanna, hvort sem þeir reykja eða ekki. Verður ekki séð, að lagafyrirmæli til stofnana sem nú þegar eiga erfitt með að sinna hlutverkum sínum, eins og til dæmis Vinnueftirlit ríkisins, muni ná meiri árangri en hvatningaraðgerðir sem beinist að vinnuveitendum og starfsmönnum. Er þetta ákvæði enn eitt dæmi um að löggjöf sé ætlað að bæta það sem fremur ætti að leysa með frjálsum samtökum þeirra sem í hlut eiga.

Hér að framan hafa verið gerðar ýmsar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins. Enn skal tek-

ið fram, að enginn efi er um að stefnt sé að heilbrigðismarkmiðum, sem æskilegt er að náist. Á það verður þó enn að benda, að frumvarpið er sérlega illa undirbúið, athugasemdir með því einkennast af almennum fullyrðingum um niðurstöður rannsókna og kannana, sem ekki er greint frá hverjar eru. Ýmis ákvæði frumvarpsins ganga og mjög langt í þá átt að takmarka ráðstöfunarrétt fólks og fyrirtækja yfir eignum sínum og atferli. Sum ákvæðin eru illframkvæmanleg að gættum ákvæðum VII. kafla stjórnarskrár og önnur setja auknar skyldur á herðar stjórnvalda, sem hafa átt fullt í fangi með að sinna núverandi skyldum sínum, án þess að í frumvarpinu sé gerð grein fyrir því hvernig leysa eigi skyldurnar af hendi.

Loks verður ekki undan því vikið að nefna enn, að frumvarpshöfundar virðast hafa ofurtrú á því að leysa vandamál með löggjöf í stað þess að beina afliinu að því að hvetja borgarana til þess að efla samstöðu sína í innbyrðis samskiptum og ná þannig þeim markmiðum, sem frumvarpið miðar að.

Af framangreindu er ljóst, að laganefnd Lögmannafélags Íslands getur ekki mælt með lögfestingu frumvarpsins nema með allmiklum breytingum.

Einn nefndarmanna tekur fram, að hann telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við frumvarpið, aðrar en þær að hann telur að ómögulegt yrði að framfylgja tillögu 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins, sem ætlað er að breyta 9. gr. laganna. Ekki verði hjá því komist í þessu sambandi að gera greinarmun á veitingahúsum, sem fyrst og fremst leggja áherslu á matsölu og öðrum veitingahúsum, og að jafnvel sé ástæða til að ganga lengra varðandi hin fyrrnefndu en ráð er fyrir gert í frumvarpinu.

Málþing Lögmannafélags Íslands og Læknafélags Íslands

um persónuvernd og friðhelgi einkalífs í ljósi gagnagrunna á heilbrigðissviði. Finnast lausnarsteinar?

Föstudaginn 27. apríl s.l. héldu Lögmannafélag Íslands og Læknafélag Íslands sam-eiginlegt málþing fyrir félagsmenn sína, um persónuvernd og friðhelgi einkalífs í ljósi gagnagrunna á heilbrigðissviði og fór þingið fram á á Setrinu, Grand Hótel. Tílefni málþingsins var sú umræða og ágrein-ingur sem sem ríkt hefur undanfarið um nýlega löggjöf hér á landi um gagnagrunn á heilbrigðissviði, lífsýnasöfn og meðferð þeirra upplýsinga sem safnað er saman í þessa grunna eða söfn. Frummælendur á málþinginu voru Björg Rúnarsdóttir, hdl., Jón Snædal, læknir og Friðrik V. Guðjónsson, læknir, en Hlynur Halldórsson, hdl., sem einnig stóð til að héldi framsögu, dró sig í hlé skömmu fyrir þingið. Sama gerði Einar Stefánsson, læknir og framkvæmdastjóri hjá Íslenskri erfðagreiningu, sem taka átti þátt í pallborðsumræðum, en þátttakendur í þeim umræðum voru, auk framsögumanna, þeir Vilhjálmur Árnason, prófessor, Ragnar Aðalsteinsson, hrl. og Tómas Zöega, læknir. Fundarstjórn var í höndum Ásgeir Thoroddsen, formanns Lögmannafélags Íslands og Sigurbjörns Sveinssonar, formanns Læknafélags Íslands.

Í framsögu Bjargar Rúnarsdóttur, hdl., fjallaði hún m.a. um hugtakið friðhelgi einkalífs út frá rétti einstaklingsins og skyldum ríkisvaldsins og þá löggjöf sem í gildi er til verndar þeim rétti hérlendis, bæði



**Ingimar
Ingason**
framkvstj. LMFÍ

í stjórnarskrá og í almennum lögum. Einnig kom Björg inn á mannréttindarsáttmála og þjóðréttarlegar skuldbindingar sem Ísland hefur gengist undir á grundvelli mannréttinda og um alþjóðlegt samstarf á sviði verndar persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs. Ræddi Björg um heimildir löggjafans til að mæla fyrir um ráðstafanir sem varða stjórnarskrárvarin réttindi einstaklingsins um friðhelgi einkalífsins og rakti innlenda og erlenda dóma þar sem reyndi á slíkar valdheimildir. Taldi Björg að þegar lög in um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði væru skoðuð út frá þeim grundvallarreglum sem gilda um persónuvernd og friðhelgi einkalífs, væri margt sem benti til þess að þau stæðust ekki ákvæði stjórnarskrárinna.

Friðrik V. Guðjónsson, læknir, gerði grein fyrir ástæðum þess að hann treysti sér ekki til að starfa áfram við heimilislækningar, yrðu lögum um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissvið fylgt út í hörgul. Lýsti hann hvernig hann teldi lög in leiða til trúnaðarbrests milli lækna og sjúklinga, sem síðan torvelduðu

störf lækna við sjúkdómsgreiningu og meðferð. Einnig véfengdi Friðrik vísindalegt notagildi sjúkraskráa sem leggja ætti til grundvallar í gagnagrunninum, þar sem þær væru unnar undir formerkjum trúnaðar en ekki vísinda. Lagði Friðrik til að í stað eins miðlægs gagnagrunns kæmu dreifðir gagnagrunnar sem hver og einn læknir ynni á vísindalegum forsendum frá upphafi og væri persónulega ábyrgur fyrir bæði gagnvart einstökum skjólstæðingum sem og vísindasamfélaginu.

Í framsöguerindi sínu fjallaði Jón Snædal, læknir, um frelsi til vísindarannsókna og persónuvernd. Benti hann á að á undanförunum árum hafi kröfur til persónuverndar við vísindarannsóknir aukist verulega og yrði að líta á það sem eðlilega þróun í lýðræðislegu þjóðfélagi. Þessi þróun gæti hins vegar stefnt rannsóknum í hættu undir vissum kringumstæðum, ásamt því að auka verulega undirbúningsvinnu slíkra rannsókna. Því næst gerði Jón grein fyrir mismunandi tegundum læknisfræðilegra rannsókna og þeim ólíku reglum sem um þær gilda, hvað varðar persónuvernd og meðferð upplýsinga. Varðandi miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði, þá taldi Jón slíkan grunn hafa mikla sérstöðu, sem fælist í umfangi hans, nýtingu, eftirliti, öryggiskröfum og rekstri. Benti hann á að á meðal lækna væri sú skoðun útbreidd að á meðan ekki væri hægt að tryggja að



Friðrik V. Guðjónsson, læknir, Vilhjálmur Árnason, prófessor, Ragnar Aðalsteinsson, brl., Björg Rúnarsdóttir, bdl., Jón Snædal, læknir, Tómas Zoega, læknir, Sigurbjörn Sveinsson, læknir og formaður Læknafélags Íslands, Ásgeir Thoroddsen, brl. og formaður LMFÍ og Gunnar Jónsson brl. fyrirspyrjandi.



Þátttakendur voru nálægt 100 talsins.

Þau gögn sem inn í grunninn færu, væru ópersónugreinanleg, yrði ekki önnur leið fær en að gefa þeim sem gefa upplýsingar í grunninn, þ.e. sjúklingum í heilbrigðiskerfinu, tækifæri til að taka sjálfir afstöðu til þessarar áhættu með því að spyrja þá fyrirfram. Vardandi mögulegar sáttir í þeim deilum sem verið hafa um lögin

um gagnagrunna og gagnagrunninn sem slíkan, þá taldi Jón koma til greina að breyta lögum þannig, að í stað ætlaðs samþykkis kæmi fyrirfram gefið skriflegt samþykki eða að setja þyrfti inn ákvæði um að upplýsingum verði eytt eftir að þær hafa verið færðar í grunninn, fari sjúklingur fram á það. Loks upplýsti Jón að Alþjóða læknafé-

lagið muni væntanlega samþykkja yfirlýsingu um gagnagrunna á heilbrigðissviði nú í haust, sem bæði Íslensk erfðagreining og Læknafélag Íslands hafi lýst sig reiðubúin að hlíta. Ljóst sé hins vegar að löggjafinn muni þurfa að koma að lausn málsins með einum eða öðrum hætti.

Töluverðar umræður sköpuðust um efnið, bæði undir pallborðsumræðum og eftir slit þingsins, þar sem tekist var á um læknisfræðilegar rannsóknir og meðferð persónuupplýsinga út frá vísindalegum, lögfræðilegum, siðferðilegum og heimspekilegum forsendum. Umræðurnar báru þess hins vegar merki að fulltrúar þeirra sjónarmiða sem telja lögin um gagnagrunna á heilbrigðissviði góð og gild, drógu sig í hlé fyrir fundinn og fyrir bragðið skorti nokkuð á að hægt væri að nálgast viðfangsefni út frá hugsanlegum lausnarflötum, eins og stefnt hafði verið að

Málþingið var vel sótt og voru gestir nálægt 100 talsins þegar mest var.

Um samningsbundið uppgjör afleiðusamninga

Inngangur

Í næst síðasta tölublaði Lögmannablaðsins (1. tbl. 7. árg.) var af hálfu höfundar reynt að skýra hugtakið afleiðusamningar með almennum hætti og gera í stuttu máli grein fyrir helstu einkennum þeirra. Þar var og nefnt að eitt mikilvægasta atriði samningsgerðar afleiðusamninga lyti að uppgjöri þeirra, þ.e. að tryggja að ekki þurfi að koma til uppgjörs hverrar kröfu afleiðusamnings fyrir sig sérstaklega heldur skuli láta þær jafnast hverja á móti annari þannig að eingöngu mismunur á kröfum aðila (jadhargreiðslan) komi til uppgjörs. Eru samningsákvæði þessa efnis mikilvæg til að draga úr áhættu aðila vegna hugsanlegrar ógjaldfærni gagnaðila. Slík samningsákvæði raska þó almennt séð ekki ófrávíkjanlegum ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti, sem leitt getur til þess að gera verði upp allar kröfur skv. afleiðusamningum við þrotabú, með samsvarandi áhættu fyrir samningsaðila. Til að takmarka þessa áhættu hafa verið lögfest sérákvæði um samningsbundið uppgjör afleiðusamninga gagnvart þrotabúum, sem fjallað verður um hér á eftir.

Forsaga lögfestingar sérákvæða um samningsbundið uppgjör afleiðusamninga

Með lögum nr. 99/2000 voru lögfest sérákvæði í V. kafla laga nr. 13/1996 um verbréfavíðskipti¹ (hér eftir nefnd vvl.) sem veita aðilum afleiðusamninga að vissu marki betri rétt heldur en öðrum kröfuhöfum við gjaldþrot samningsaðila og raska með því að nokkru jafnræði aðila við gjaldþrotaskipti.

Sérákvæði um samningsbundið

uppgjör afleiðusamninga má rekja til setningu tilskipunar 96/10/EB um breytingu á tilskipun 89/647/EBE (um eiginfjárlutfall lánastofnana) þar sem kveðið er á um heimildir lögbærra yfirvalda (hér á landi Fjármálaeftirlitsins) til að viðurkenna að ákveðin uppgjör er varða afleiðusamninga sem tengjast vöxtum og gjaldeyri dragi úr áhættu við útreikning eiginfjárlutfalls. Þannig veitir tilskipunin heimildir til þess að eiginfjárlutfall lánastofnana sé ekki skert nema að takmörkuðu leyti með gerð slíkra samninga enda sé skuldaáhætta afmörkuð við jadhargreiðslu samkvæmt þeim. Tilskipun þessi varð hluti af EES-samningnum með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/1996.

Til þess þó að yfirvöldum sé heimilt að viðurkenna að dregið sé úr áhættu við útreikning eiginfjárlutfalls vegna afleiðusamninga verður skv. tilskipuninni að lögfesta ákvæði er kveða á um að ef gagnaðili verði gjaldþrota eigi lánastofnun einungis heimtingu á að taka við eða beri skylda til að greiða nettóupphæð jákvæðs eða neikvæðs markaðsvirðis umræddra viðskipta (jadhargreiðsluna). Ákvæði þar um hafa nú verið lögfest eins og áður segir.

Efnisafmörkun VI. kafla VVL

Í 1. mgr. 39. gr. vvl. kemur fram að ákvæði VI. kafla um samningsbundið uppgjör afleiðusamninga taki til framvirkra vaxtaskiptasamninga, vaxta- og gjaldmiðlavalréttarsamninga, framvirkra vaxta- og gjaldmiðlasamninga, vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamninga og annarra afleiðusamninga með gjaldmiðla og vexti. Þannig taka ákvæði

kaflans skv. efni sínu ekki til afleiðusamninga með verðbréf, þ.m.t. hlutabréf, þrátt fyrir að slíkir samningar séu nokkuð algengir í framkvæmd hér á landi.

Í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum 99/2000 er sú ástæða nefnd fyrir þessari afmörkun að „... rétt þykir að takmarka á þennan hátt heimildir aðila til að gera samninga sem geta raskað því jafnræði sem almennt gildir á milli aðila við greiðslustöðvun, nauðasamninga og gjaldþrot“. Síðan segir í greinargerð: „Þótti rétt að taka hér með samninga sem nú eru þekktir í viðskiptum lánastofnana en þó er gert ráð fyrir að ráðherra geti ákveðið með reglugerð að þessi kafla skuli einnig gilda um aðra afleiðusamninga.“

Eins og áður segir hafa afleiðusamningar með hlutabréf verið allalgengir í framkvæmd hérlendis og því beinlínis rangt að gefa í skyn að slíkir samningar séu óþekktir eða lítt þekktir í viðskiptum lánastofnana. Ráðherra er þó veitt heimild í 2. mgr. 39. gr. vvl. til að ákveða með reglugerð að kaflinn skuli einnig gilda um aðra afleiðusamninga. Slík reglugerð hefur ekki verið sett en í ljósi þess hversu algengir slíkir samningar eru í framkvæmd hérlendis má segja að full ástæða sé til slíks til þess að tilgangi laga nr. 99/2000, sem öðrum þræði lýtur að því að lækka áhættugrunn við útreikning eiginfjárlutfalls lánastofnana, verði náð.

Efnislega felur VI. kafla vvl. í sér undanþágu frá ákvæðum laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. (hér eftir nefnd gþl.), nánar tiltekið 91., 100. og 137. gr. laganna, þannig að vikið er frá tilgreindum ákvæðum gþl. hafi viðsemjandi

þrotamanns gert við hann afleiðusamning.

Undanþágur frá 91. og 100. gr. gþl

Ákvæði 40. gr. vvl. hljóðar svo: „Skriflegur samningur, einn eða fleiri, milli tveggja aðila um að skyldur þeirra samkvæmt samningum þeim sem nefndir eru í 39. gr. skuli jafnast hver á móti annarri, með skuldajöfnun, við endurnýjun eða við vanefnd, greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti, skal halda gildi sínu að fullu þrátt fyrir ákvæði 91. og 100. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.“

Það sem fyrst vekur athygli er að sérstaklega er tekið fram að ákvæðið taki eingöngu til skriflegra samninga. Það segir hins vegar í greinargerð með lögunum að rétt sé að gera að skilyrði að „slíkir höfuðsamninga“ séu skriflegir. Í framkvæmd er það yfirleitt svo að fyrst eru gerðir s.k. höfuðsamningar (Master Agreements), þar sem er að finna ítarleg ákvæði um skilmála sem gilda í viðskiptum aðila, þ.m.t. ákvæði um uppgjör og reiknireglur vegna uppgjör. Slíkir höfuðsamningar eru að öllu jöfnu staðlaðir og oft útbúnir af hlutlausum aðilum.² Til fyllingar slíkum samningum eru tíðum gerðar viðbætur (e. Schedules) þar sem fram kemur nánari útlístan á höfuðsamningnum. Einstök viðskipti fara hins vegar oftast þannig fram að í fyrstu er gengið frá þeim munnlega í gegnum síma, þar sem m.a. er kveðið á hver hin undirliggjandi verðmæti séu, magn þeirra, viðmiðunargengi, tímabil samnings og aðra grunnskilmála. Síðar er gengið frá þessum viðskiptum skriflega með sérstakri skriflegri staðfestingu (Confirmation) á því sem áður hefur verið afgreitt munnlega. Þar sem sérstaklega er tekið fram í greinargerð að „höfuðsamningar“ skuli vera skriflegir má ætla að ákvæði kaflans eigi einnig við um slík munnleg viðskipti, jafnvel þótt þau hafi ekki verið staðfest skriflega, að því gefnu að gerður hafi

verið skriflegur höfuðsamningur utan um viðskiptin.

Í 40. gr. vvl. er annars kveðið á um það að hvorki 91. né 100. gr. gþl. skuli gilda um afleiðusamninga.

Efnislega felur VI. kafla vvl. í sér undanþágu frá ákvæðum laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

100. gr. gþl. kveður á um að hver sá sem skuldi þrotabúi, geti dregið það frá sem hann á hjá búinu, hvernig sem skuld og gagnkröfu er varið, ef hann hefur eignast kröfuna áður en þrjár mánuðir voru til frestdags, hvorki vitað né mátt vita að þrotamaðurinn átti ekki fyrir skuldum og ekki fengið kröfuna til að skuldajafna, enda hafi krafa þrotabúsins á hendur honum orðið til fyrir frestdag. Þessi þriggja mánaða frestur gerir það að verkum að kröfur sem verða til á síðustu þremur mánuðum fyrir frestdag eru almennt séð ekki tæk- ar til skuldajafnaðar gagnvart þrotabúi. Þessi tilhögun veldur óviðunandi röskun á afleiðusam-

Þykir því rétt að víkja frá þessari reglu gþl. og veita samningsaðila skv. afleiðusamningi fullan skuldajafnaðarrétt á hendur gagnaðila sínum (þrotamanni eða skuldara) við greiðslustöðvun, nauðasamning eða gjaldþrotaskipti hins síðarnefnda, jafnvel þótt samningsaðili hafi eignast kröfu á hendur þrotamanni innan þriggja mánaða frá frestdegi.

ingnum enda eru réttindi og skyldur aðila samkvæmt slíkum samningum samofnar. Þykir því rétt að víkja frá þessari reglu gþl. og veita samningsaðila skv. afleiðusamningi fullan skuldajafnaðarrétt á hendur gagnaðila sínum (þrotamanni eða skuldara) við greiðslustöðvun, nauðasamning eða gjaldþrotaskipti hins síðarnefnda, jafnvel þótt samningsaðili hafi eignast kröfu á hendur þrotamanni innan þriggja mánaða frá frestdegi.

Samkvæmt 91. gr. gþl. er þrotabúi heimilt að ganga inn í gagnkvæma samninga sem þrotamaður hefur gert við þriðja aðila. Metur þá skiptastjóri í hverju tilfelli fyrir sig hvort hagsmunir búsins mæli með því að samningar séu efndir eða þeim sagt upp. Er meginregla þessi á margan hátt eðlileg þar sem aðstæður eru yfirleitt þannig að báðir eða allir samningsaðilar hafa hagsmuni af samningum þegar þeir eru gerðir upp. Afleiðusamningar eru hins vegar því marki brenndir að uppgjör þeirra felur ávallt í sér tap fyrir annan aðilann og samsvarandi hagnað fyrir hinn. Tilgangur með því að veita sérstaka undanþágu frá 91. gr. gþl. er því sá að koma í veg fyrir að þrotabúi geti gengið inn í þá afleiðusamninga sem eru hagstæðir fyrir búið en hafnað þeim sem eru óhagstæðir. Að öðrum kosti og ef ekki væri fyrir 40. gr. vvl. gæti skiptastjóri ákveðið upp á sitt eisdæmi að ganga inn í þá samninga sem skila búinu hagnaði en hafna þeim sem eru óhagstæðir (cherry picking) með samsvarandi tapi fyrir gagnaðila. Fyrir lögfestingu ákvæða um samningsbundið uppgjör afleiðusamninga gat staðan þ.a.l. í versta falli verið sú að viðsemjandi þrotamanns væri skuldbundinn til að afhenda eða greiða hin undirliggjandi verðmæti til þrotabús, en að hann ætti eingöngu almenna kröfu í þrotabú á móti vegna gagngreiðslu þrotamanns skv. afleiðusamningi. Slíkt felur að sjálfsögðu í sér verulega áhættu fyrir samningsaðila og þá ekki hvað síst lánastofnana, auk

Þess sem það stríðir gegn þeirri grunnhugsun við gerð afleiðusamninga að kröfur skv. þeim eigi að jafnast hvorar á móti annarri og að eingöngu mismunur (jaðargreiðslan) eigi að koma til uppgjör. Rétt er þó að geta þess að vegna áðurgreindrar takmörkunar á gildissviði VI. kafla vvl., sbr. 1. mgr. 39. gr., er reyndar svo að með uppgjör vegna afleiðusamninga með verðbréf getur hæglega farið fram með þessum hætti, þar sem undanþáguákvæðið á, eins og áður segir, eingöngu við um afleiðusamninga um gjaldmiðla og vexti.

Undanþága frá 137. gr. GPL

Í 41. gr. vvl. er kveðið á um aðra undantekningu frá meginreglum gpl., þar sem segir að tryggingarréttindum vegna afleiðusamninga með gjaldmiðla og vexti sem sett eru til tryggingar viðskiptum í greiðslujöfnunarstöð, í samræmi við þær reglur sem gilda í stöðinni, verði ekki rift skv. ákvæði 137. gr. laganna. Tilvísað ákvæði gpl. kveður á um heimild til að rifta veðrétti eða öðrum tryggingarréttindum sem kröfuhafi hefur fengið á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag en ekki um leið og stofnað var til skuldarinnar.

Ástæða þess að sérstaklega er vikið frá ákvæði 137. gr. gpl. er sú að oftast er þess krafist af öðrum samningsaðila afleiðusamnings, t.d. lánastofnun sem býður upp á kaup á framvirkum samningi eða skiptasamningi, að lögð sé fram trygging (margin) af hálfu gagnaðila sem venjulega nemur ákveðnu hlutfalli af hinum undirliggjandi verðmætum. Staða afleiðusamningsins sem og tryggingarinnar, sem oft og tíðum er lögð fram í formi verðbréfa (oftast hlutabréfa), getur breyst hratt og því verið nauðsynlegt að leggja fram viðbótartryggingu, oft með skömmum fyrirvara.³ Hefur löggjafinn talið rök til þess að slíkar tryggingar skuli standa óhaggaðar jafnvel þótt þær hafi verið veittar á síðustu sex

- - - - -

Tilgangur með því að veita sérstaka undanþágu frá 91. gr. gpl. er þannig að koma í veg fyrir að þrotabú geti gengið inn í þá samninga sem eru bagstædir fyrir búid en hafnað þeim sem eru óbagstædir.

- - - - -

mánuðum fyrir frestdag, enda séu þær veittar vegna afleiðusamninga. Þess ber hins vegar að geta að það er sett sem skilyrði fyrir undanþágunni að tryggingarréttindin hafi verið sett til tryggingar viðskiptum í greiðslujöfnunarstöð. Þar vandast málið þar sem óþekkt er í framkvæmd hér á landi að slíkar tryggingar séu settar í greiðslujöfnunarstöð⁴, þrátt fyrir að það sé algengt víða erlendis.⁵ Hérlendis er venjan aftur á móti sú að trygging er einfaldlega veitt að handveði og gerður sérstakur handveðssamningur þar um eða gefin er út handveðsýfirlýsing. Má því segja að ákvæði 41. gr. vvl. hafi í raun litla raunhæfa þýðingu, a.m.k. enn sem komið er.

Lokaorð

Ákvæði VI. kafla vvl. um samningsbundið uppgjör afleiðusamninga eru til þess fallin að koma til móts við eitt af þeim meginsjónarmiðum sem búa að baki afleiðusamningum, þ.e. að kröfur samkvæmt þeim skuli ávallt jafnast hvorar á móti annarri og að eingöngu mismunurinn (jaðargreiðslan) skuli koma til greiðslu, en að hin undirliggjandi verðmæti sem slík skuli ekki afhent eða greidd. Þá eru ákvæðin einnig mikilvæg fyrir lánastofnanir þar sem að ákveðnar tegundir afleiðusamninga munu veita aukinn rétt til að draga úr áhættu við útreikning eiginfjárlutfalls frá því sem áður var. Tvennt er það þó sem dregur verulega úr þýðingu ákvæða kaflans.

Annars vegar sú staðreynd að þau eiga ekki við um afleiðusamninga um verðbréf, jafnvel þótt slíkir samningar hafi verið nokkuð algengir í framkvæmd hér á landi, andstætt því sem haldið er fram í greinargerð með lögnum, og hins vegar að undanþága frá riftunarreglu 137. gr. gpl. á eingöngu við um tryggingarréttindi sem sett eru til tryggingar viðskiptum í greiðslujöfnunarstöð sem, eins og áður segir, er beinlínis óþekkt hérlendis. Úr hvoru tveggja má þó bæta, þar sem ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að VI. kafli vvl. skuli einnig taka til annarra afleiðusamninga en eingöngu samninga um gjaldmiðla og vexti. Þá má einnig hugsa sér að með tíð og tíma muni tryggingarréttindi vegna afleiðusamninga verða sett til tryggingar viðskiptum í virkri greiðslujöfnunarstöð þrátt fyrir að hún sé ekki til staðar nú.

¹ Er nú VI. kafli laganna eftir breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 163/2000 og öðluðust gildi þann 1. janúar s.l.

² Sem dæmi þar um má nefna ISDA Master Agreement 1992 um annars vegar vaxtaskiptasamninga og hins vegar vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamninga sem útbúnir hafa verið af International Swap and Derivatives Association, Inc. (ISDA).

³ Líkt og þegar um framvirka samninga í kauphöllum (e. futures) er að ræða.

⁴ Greiðslujöfnunarstöð er skilgreind svo í 7. tl. 2. gr. laga nr. 90/1999 um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum: „Aðili sem vinnur úr greiðslufyrirmælum sem berast frá stofnunum og annast greiðslujöfnun þeirra á milli, einnig milligöngu- og uppgjörsaðili, ef það á við.“

⁵ Má segja að það sé meginregla þegar um framvirka samninga (e. futures) í kauphöllum er að ræða.

Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri LMFÍ

Málþing Lögmannafélags Íslands og Dómarafélags Íslands

Árlegt málþing Lögmannafélags Íslands og Dómarafélags Íslands fór fram á Hótel Valhöll á Þingvöllum, föstudaginn 8. júní s.l.. Umfjöllunarefni þingsins að þessu sinni voru tvö, „viðskipti á tölvuöld og persónuvernd á tölvuöld“.

Frummælendur á fyrri hluta málþingsins, þar sem viðskipti á tölvu-



Ingimar Ingason
framkvstj. LMFÍ

öld voru til umfjöllunar, voru þeir Skúli Magnússon, lektor við laga-deild Háskóla Íslands, sem fjallaði um meginreglur laga og rafræn viðskipti; Einar Baldvin Stefánsson, forstöðumaður lögfræðisviðs Verðbréfaskráningar Íslands, sem gerði grein fyrir rafrænni skráningu verðbréfa, ásamt reglum um framsal og veðsetningu rafrænna viðskipta-bréfa, og Birgir Már Ragnarsson, hdl. og aðstoðarframkvæmdastjóri Auðkennis hf., sem kynnti meginreglur laga um rafrænar undirskriftir og þau lagalegu álitafni sem þeim tengjast. Að loknum framsögum sátu frummælendur fyrir svörum og var greinilegt að áhugi á þessu málefni meðal þátttakenda var mikill.

Í hádegisverðarhléi var óvæntum lið skotið inn í dagskrá þingsins, þegar Ásgeir Thoroddsen, formaður Lögmannafélags Íslands, opnaði formlega nýja heimasíðu félagsins. Gerði formaðurinn grein fyrir aðdraganda og undirbúningi við smíði síðunnar og því efni sem þar er boðið upp á. Taldi Ásgeir mjög viðeigandi að opna síðuna á Þingvöllum, hinum forna þingstað Íslands og einum helgasta reit íslenskrar réttarsögu og væri ekki ofmælt að með umræðuefni dagsins og opnun hinnar nýju heimasíðu félagsins á þessum stað, mættust með táknrænum hætti söguöld og tölvuöld.

Að loknu hádegisverðarhléi, var tekið til við síðara málefni þingsins, þar sem rætt var um persónuvernd á tölvuöld. Frummælendur á síðari hluta málþingsins voru, líkt og á þeim fyrri, þrír talsins, en það voru Hlynur Halldórsson, hdl., sem gerði skráningu, vinnslu og meðferð persónuupplýsinga að umtalsefni; Nanna Magnadóttir, starfandi skrifstofustjóri Héraðsdóms Reykja-



Eggert Óskarsson, beraðsdómari, María Magnúsdóttir bdl. Nanna Magnúsdóttir, lögfr., og Elísabet Sigurðardóttir bdl.



Ragnar Árnason, bdl., Hervör Þorvaldsdóttir, beraðsdómari, Skúli Magnússon, lektor, Börkur Hrafnsson, bdl. og Ólafur Jóhannes Einarsson, bdl.

Frum- mælendur á málþinginu



*Þórunn Guðmundsdóttir,
brl. fundarstjóri.*



Hlynur Halldórsson, bdl.



*Skúli Magnússon, lektor
við lagadeild HÍ*



*Einar Baldvin Stefán-
son, forstjórnari Lög-
fræðisviðs Verðbréfa-
skráningar Íslands*



Gunnar Sturluson, brl.



*Birgir Már Ragnarson,
hdl. aðstoðarframkv.stj.
Auðkennis.*



*Nanna Magnúsdóttir,
starfandi skrifstofustj.
Héraðsdóms Reykjaví-
ur.*

víkur, sem ræddi um birtingu dóma og úrskurða á internetinu og loks Gunnar Sturluson, hrl., sem nálgadist viðfangsefnið út frá persónuvernd í fjarskiptum, tölvu- pósti, síma, hlerun o.fl. Líkt og um viðfangsefni fyrri hluta málþings- ins, spunnust fjörugar umræður um síðara efnið að loknum fram- söguræðum.

Fundarstjóri og stjórnandi um- ræðna á málþinginu var Þórunn Guðmundsdóttir, hrl. Hún stýrði þinginu af festu og öryggi og var aðdáunarvert hversu vel Þórunni tókst að halda tímaáætlun, sem oft hefur reynst afar erfitt á þessum málþingum félaganna.

Að loknum framsögum og um- ræðum, var boðið upp á léttar veit- ingar, sem menn nutu í blíðunni utandyra, þar sem málefni dagsins og reyndar fjölmörg önnur mál voru rædd manna á meðal. Þátt-



Sigurður Tómas Magnússon, héraðsdómari, ræður sér vart fyrir kæti eftir að kollegi hans Eggert Óskarsson gaukadi að honum skemmtisögu úr dóm- sal 102.



Þáttakendur fylgjast með umræðum.



Lára V. Júlíusdóttir, brl. nýskipiður saksóknari á tali við Birgi Má Ragnarsson, bdl. og Ingimar Ingason, framkv.stj. LFMÍ, sem neituðu að svara spurningum Láru.



Glæsilegir fulltrúar kvenna úr lögfræðingastétt í veðurbliðunni á Þingvöllum.



Þórunn Guðmundsdóttir, brl. Sigrún Guðmundsdóttir, brl., Sigurður Tómas Magnússon, beraðsdómari, Hervör Þorvaldsdóttir, beraðsdómari, Gunnlaugur Claessen, bæstaréttardómari og Dóra Sif Tynes bdl. Guðrún

taka á málþinginu var mjög góð að þessu sinni, en það sóttu milli 140 og 150 manns.

Ekki verður annað sagt en að Þingvellir hafi skartað sínu fegursta í glampanði sól og mildum vorvindi. Annars má með sanni segja að veðurfar á þessum árlega viðburði Lögmannafélags Íslands og Dómarafélags Íslands, sé sérstakt rannsóknarefni fyrir veðurfræðinga, en elstu menn minnst þess ekki að hafa notið annars en sól og bliðu á þingdegi.



Guðrún Björk Bjarnadóttir, bdl. með fyrirspurn.

Breytingar á félagatali

Ný málflytningarséttindi fyrir Hæstarétti Íslands.

Bjarki H. Diego, hrl.
Jóhann Halldórsson, hrl.
Jón Ísberg, hrl.
Valborg Þ. Snævarr, hrl.
Sigurður Sigurjónsson, hrl.

Ný málflytningarséttindi fyrir Héraðsdómi.

Guðrún Björg Birgisdóttir, hdl.

Logos lögmannsþjónusta
Borgartún 24
105 Reykjavík
S: 540-0300
Fax: 540-0301

Grétar Már Ólafsson, hdl.

Lögfræðistofa Reykjavíkur hf.
Laugavegur 97
101 Reykjavík
S: 545-0500
Fax: 545-0501

Gunnar Pétursson, hdl.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.
Kringlan 5
105 Reykjavík
S: 569-2500
Fax: 581-3718

Hallmundur Albertsson, hdl.

Lex ehf.
Sundagarðar 2
104 Reykjavík
S: 590-2600
Fax: 590-2606

Helga Björk Laxdal, hdl.

AM Praxis
Sigtúni 42
105 Reykjavík
S: 533-3333
Fax: 533-2333

Herdís Hallmarsdóttir, hdl.

Lögheimtan
Laugavegur 95
101 Reykjavík
S: 545-0500
Fax: 545-0501

Hildur K. Friðleifsdóttir, hdl.

Landsbanki Íslands
Laugavegur 77
101 Reykjavík
S: 560-6830
Fax: 562-3908

Hólmfríður Kristjánsdóttir, hdl.

Logos lögmannsþjónusta
Borgartún 24
105 Reykjavík
S: 540-0300
Fax: 540-0301

Jón Sigurðsson, hdl.

Lögfræðiskrifstofan Suðurlands-
braut 6 sf.
Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
S: 533-5030
Fax: 533-5035

Lára Huld Guðjónsdóttir, hdl.

Íbúðalánasjóður
Borgartún 21
105 Reykjavík
S: 569-6900
Fax: 569-6800

Ólafur Örn Svansson, hdl.

Lögmenn Klapparstíg
Klapparstígur 29
101 Reykjavík
S: 562-3939
Fax: 562-2150

Vilhjálmur Bergs, hdl.

Lögfræðistofan Suðurlands-
braut 6 sf.
Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
S: 533-5030
Fax: 533-5035

Endurútgefin málflytningarséttindi fyrir Héraðsdómi.

Birgir Tjörvi Pétursson, hdl.

Ghp lögmannsstofa
Ingólfsstræti 3
101 Reykjavík
S: 511-2090
Fax: 552-7501

Bryndís Björk Kristjánsdóttir, hdl.

Fjárvernd-Verðbréf hf.
Þingholtsstræti 27
101 Reykjavík
S: 590-9000
Fax: 590-9001

Guðmundína Ragnardóttir, hdl.

Garðatorg ehf.
Kirkjulundur 13
210 Garðabær
S: 545-0800
Fax: 545-0801

Ingvar Sværriðsson, hdl.

Vinnuálastofnun
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík
S: 515-4800
Fax: 511-2520

Margrét Vala Kristjánsdóttir, hdl.

Lagaval ehf.
Höfðabakki 9
112 Reykjavík
S: 587-1286
Fax: 587-1247

Ólafur Kristinsson, hdl.

Skaftahlíð 27
105 Reykjavík
S: 553-3240

Tryggvi Þórhallsson, hdl.

Háskóli Íslands
Suðurgata
101 Reykjavík
S: 525-4302
Fax: 525-4038

Nýtt aðsetur:

Bjarni Hauksson, hdl.

Lögmannsstofa Bjarna Haukssonar
hdl.
Suðurlandsbraut 4a
108 Reykjavík
S: 588-4400
Fax: 533-4811

Margrét María Sigurðardóttir, hdl.

Garðarsbraut 5
640 Húsavík
S: 464-0404
Fax: 464-0403

**Nýr vinnustaður:
Heiðrún Jónsdóttir, hdl.**

Landssíminn
V/Austurvöll
150 Reykjavík
S: 550-6011

Hrefna Friðriksdóttir, hdl.

Velferðarsjóður barna
Höfðaborg
Borgartún 21
105 Reykjavík
S: 568-0330

Óskar Magnússon hrl.

Þyrping hf.
Kringlan 4-12
103 Reykjavík
S: 533-5151
Fax: 533-5110

Tómas Sigurðsson, hdl.

Lögfræðideild / Internal Legal
Counsel
Íslensk erfðargreining ehf.
Hlíðarsmári 15
200 Kópavogur
S: 570-2803
Fax: 570-1806

Frá útskrift af námskeiði til öflunar réttinda til að vera héraðs- dómslög- maður



Eiríkur Tómasson, Ingveldur Einarsdóttir og Sif Konráðsdóttir afbenda nenum staðfestingarskjal við útskriftina.

Miðvikudaginn 6. júní s.l. fór fram útskrift af námskeiði til öflunar réttinda til að vera héraðsdómslögmaður. Fór athöfnin fram í húsnæði Lögmannafélags Íslands að Álftamýri 9, að viðstöddum fulltrúum frá dómsmálaráðuneyti og stjórn LMFÍ. Alls luku 32 lögfræðingar námskeiðinu að þessu sinni, af þeim 40 þátttakendum sem hófu námið. Það var Eiríkur Tómasson, prófessor og formaður prófnefndar, sem afhenti þátttakendum prófskríteinin, en aðrir í prófnefnd eru Sif Konráðsdóttir, hrl. og Ingveldur Einarsdóttir, héraðsdómari.

HAUSTFERÐ FÉLAGSDEILDAR

Dagur með félagsdeild á slóðir Hallgerðar Langbrókar og Gunnars á Hlíðarenda

Laugardaginn 1. september 2001.

Félagsdeild efnir til fræðslu- og skemmtiferðar laugardaginn 1. september 2001.

Ákveðið hefur verið að fara á Njáluslóðir og er fyrirhugað að fara með rútu frá skrifstofu LMFÍ og aka beina leið á Hvolsvöll. Farið er á sýninguna „Á Njáluslóð“ og síðan í tveggja tíma ferð í rútu með leiðsögn um Njáluslóðir. Að því loknu verður haldin miðaldarveisla í Sögusetrinu.

Hér er tilvalið tækifæri til að blanda saman fræðslu og skemmtun með lögmönnum og mökum í umhverfi sem engan svíkur.

Dagskráin er sem hér segir:

- Kl. 13:00 Mæting að Álftamýri 9.
- Kl. 13:30 Brottför með rútu frá skrifstofu LMFÍ að Álftamýri 9.
- Kl. 15:00 Tekið á móti hópnunum við Sögusetrið Hvolsvelli.
- Kl. 15:30 Farið á sýninguna „Á Njáluslóð“, uppriftun um söguöldina.
- Kl. 16:30-18:30 Farið með rútu undir leiðsögn Arthúrs Björgvins Bollasonar um söguslóðir Njálu.

Kl. 19:00 Veislumáltíð í Miðaldarskálanum.

Príréttuð veislumáltíð: Fjallagrasapaté með heitri berjasósu til að kitla bragðlaukana; síðan fylgir eldsteikt fjallalamb með bakaðri kartöflu og grænmeti í soðsösu; að því búnu fáið þið svo kaffi og sætan eftirrétt.

Leikþættir:

Á milli mála verða fluttir leikþættir í léttum dúr.

Kl. 22:00-22:30 Brottför frá Sögusetrinu að Álftamýri 9.

Verð: Félagsdeild: kr. 7.000.- á mann
Almennt: kr. 8.000.- á mann

***Innifalið er leiðsögn, rútur og matur.
Drykkjarföng með mat ekki innifalin.***

Lágmarksfjöldi 20 manns - Nokkur sæti laus

Allar nánari upplýsingar veitir Jóna K. Kristinsdóttir -
jonak@lmfi.is eða í síma 568 5620 frá kl. 09.00-14.00.

Innanhúsmót í knattspyrnu 2001

Föstudaginn 11. maí var haldið hið árlega mót LMFÍ í innanhúsknattspyrnu í íþróttahúsi Fram í Safamýrinni. Að þessu sinni mættu til leiks 7 lið og var leikið með því fyrirkomulagi að allir léku við alla, en þó þannig að sumir léku sér að öðrum og aðrir létu leika á sig.

Til leiks voru mætt öll helstu knattspyrnulið lögmanna, en það vakti athygli fréttaritara að ekkert lið frá hinum dreifðari byggðum mætti til leiks, það kom þó ekki að sök.

Lið Þrumunnar náði sér ekki á strik í mótinu. Ýmsar skýringar voru gefnar á því en ein er ólíklegust, en hún er sú að meiðsli Hróbjartar hafi þar ráðið mestu um. Mun nefndur Hróbjartur hafa gengið af velli haltur mjög eftir að hann sparkaði í leikmann Logosliðsins þar sem sá fyrrnefndi lá í gólfinu eftir snögg glímubrögð hins síðarnefnda. Sannaðist hér hið fornkveðna að vont er að liggja sparkandi, en betra að sparka í liggjandi.



Fullskipað lið Reynslu og Léttleika. Tilbúnir í slaginn.

Fyrir ofan Þrumuna í töfluröð lenti lið Logos. Liðið var skipað frískum drengjum sem létu gaml-

Sannaðist hér hið fornkveðna að vont er að liggja sparkandi, en betra að sparka í liggjandi.



Sígurliðið Reynsla og Léttleiki tekur á móti bikarnum. Á myndina vantar bluta liðsmanna sem urðu frá að hverfa áður en verðlaunaafbending fór fram.

ingja í boltanum oft finna fyrir því að þeir væru betur komnir á golfvelli en fótboltavelli. Drengirnir í Logos hafa þó ekki enn komist í gegnum alla kafla knattspyrnuhandbókarinnar og það þó hinn snöfurlégi framkvæmdastjóri liðsins læsi upphátt fyrir þá milli leikja. Verður þó með fullri sanngirni að segja að uppsetning handbókarinnar sé afar óheppileg þar sem kaflinn um það að fótbolti gangi út á að skora mörk og verjast mörkum er aftast í bókinni. Á ritari von á því að Logosliðinu muni heldur vaxa ásmegin eftir því sem lestrinum miðar áfram.

Lið hins háfætta Þórðar Þórðar-



Lið Logos.



Lið Prumunnar.



Grínarafélagið ásamt þjálfara og ungum aðdáanda.



Lið Markarinnar.



Bolti.is breppti annað sætið.



Lið SSTM.

sonar og félaga, SSTM, háði harða baráttu við Logos um fimmtasætið og hafði betur. Réði þar mestu drengileg framganga Hins háfætta í marki liðsins, en líklega minnstu skot Þórðar hins skáfætta þess á milli.

Mörkin saknaði landsbyggða-drengjanna er eitt sinn fylktu liði með þeim. Mættu þeir aðeins þrír og hálfur til leiks (Gunnar Jónsson er talinn einn og hálfur) og voru þannig skipaðir hálf tótið. Skýring þess mun sú að einn leikmaður liðsins, sem er ónefndur starfsmaður ráðuneytis, villtist í mötuneyti ráðuneytisins í ringulreið sem skapaðist eftir að súrmjólkin kláraðist.

Grínarafélagið hreppti þriðja sætið í mótinu eftir harða baráttu við Bolta.is um annað sætið. Voru leikmenn liðsins alsælir með þennan árangur, enda miklu fyndnara að lenda í þriðja sæti en öðru. Kjölfesta liðsins var sem oft áður Jóhannes Albert sem gaf sér yngri mönnum ekkert eftir eins og Smára fauta, Elvari snögga og Tomma jógúrt. Liðið lét þó Steinari Guð-

geirs of mikið eftir að sjá um hlutina á eigin spýtur.

**Grínarafélagið hreppti
 þriðja sætið í mótinu
 enda miklu fyndnara að
 lenda í þriðja sæti
 en öðru.**

Liðið Bolti.is reyndist næst best þennan annars ágæta dag í maí. Liðið er að mestu skipað sömu mönnum og síðustu tvö ár, þar sem drengirnir frá IMA mynda kjarnann. Lið þetta vann sér það til afreka að vinna mótið fyrir tveimur árum, en hefur ekki náð sér aftur

eftir skemmtanir og gljálífi velgenginnar.

Enn var það lið Reynslu og Léttleika sem vann mótið og mun þetta í fjórða sinn á 7 árum sem liðið vinnur bikarinn eftirsóta og annað skipti í röð. Hvað veldur velgengni R&L virðist að mati ritara fyrst og fremst stafa af því að þeir sækja þegar þeir eru með boltann, en verjast án bolta og skora fleiri mörk en andstæðingurinn í hverjum leik. Nokkuð sem Stoke hefur lagt upp með en ekki enn tekist. Getur verið að lausnin á vanda Stoke sé nær er marga grunar?

Úrslit mótsins urðu nánar þannig:

Íþróttafréttaritari.

Röð:	Nafn:	U J T	Mörk		Stig
1.	Reynsla og Léttleiki	5 0 1	18:5	+13	15
2.	Bolti.is	5 0 1	13:6	+7	15
3.	Grínarafélagið	5 0 1	14:9	+5	15
4.	Mörkin	3 0 3	10:8	+2	9
5.	SSTM	1 1 4	5:12	-7	4
6.	Logos	1 1 4	7:20	-13	4
7.	Þruman	1 0 5	6:13	-7	3

Kíktu á heimasíðu Lögmannafélags Íslands

Um LMFÍ
Lögmenn og þjónusta
Vantar þig lögmenn
Lög og reglur um lögmenn
Félagsdeild

Bókasafn
Útgáfumál
Handbók lögmanna
Úrskurðarnefnd
Athyglisverðar heimasíður

www.lmfi.is

Lögmannavaktin

Jóna K. Kristinsdóttir - Félagsdeild


Lögmannavaktin hefur verið starfrækt frá árinu 1993 í Reykjavík en vaktin var einnig starfrækt á Akureyri frá 1994. Var þeirri þjónustu hætt þar sem aðsókn minnkaði nokkuð.

Í Lögmannablaðinu 4. tbl. 1996 var fjallað um aðsókn á vaktina til þess tíma. Það er skemmst frá því að segja að Lögmannavaktin hefur fest sig í sessi hjá almenningi frá árinu 1996. Hvern þriðjudag er boðið upp á þjónustuna frá kl. 16:30-18:30. Í júlí og ágúst er ert hlé á starfsemi vaktarinnar. Öllum sjálfstætt starfandi lögmonnum gefst kostur á að skrá sig á lista þar sem lögmonnum er úthlutaður þriðjudagur með góðum fyrirvara. Lögmennt mæta og taka á móti fólki sem hefur bókað sig fyrirfram í 15 mínútna viðtal við lögmann. Fólk sem skráir sig þarf ekki að gefa upp nafn en fær uppgefið númer. Lögmaðurinn getur einnig ákveðið hvort hann kynni sig eða ekki og er þannig nafnleynd ef aðilar velja þann kost. Fólki er einnig gerð grein fyrir því að þjónustan felist í almennri ráðgjöf varðandi lögfræðileg málefni og ekki er tekið við tímaskráningum ef viðkomandi aðili er þegar með lögmann í málinu.

Að loknu viðtali fyllir lögmaðurinn út skýrslu þar sem fram koma upplýsingar um kyn, aldur, starf, efni fyrirspurnar og niðurstöðu. Úr þessum upplýsingum hefur ég tekið saman eftirfarandi upplýsingar árin 1998, 1999 og 2000:

	1998	1999	2000
Fjöldi kvenna:	76	90	108
Fjöldi karla:	47	65	69
Samtals mættu	123	155	177

Málaflokkar	1998	1999	2000
Aðför/nauðungarsala		2	5
Almannatryggingar	1		1
Dánarbússkipti/gjaldþrotaskipti	2	3	4
Erfðamál	8	10	15
Fasteignir	23	28	27
Fjárskipti milli hjóna	11	10	9
Forsjarmál	6	15	15
Greiðsluerfiðleikar, skuldaskil	7	8	13
Grenndarréttur	2	2	
Hjónaskilnaðarmál/sambúðarslit	16	20	38
Hjúskaparmál að öðru leyti	6	4	1
Húsaleiga	6	6	5
Neytendamál	3	3	5
Óskráð sambúð	2	2	5
Ráðningarsamningar/vinnu-réttarmál	3	4	4
Refsimál	7	18	8
Skaðabótamál	18	19	22
Skattamál	6	3	1
Stjórnvöld	4	2	11
Vátryggingamál	2	2	4
Viðhalds- og viðgerðarsamningar	1	3	1
Þjónustusamningar	1	5	1
Annað*	17	20	23
Samtals skráðir málaflokkar	152	189	218
Aukning milli ára		24%	15%



* Meðlög, innheimtur, barnfaðernismál, líkamsmeiðingar, geðhjálp, innheimtur, lífeyrisréttindi, hand-

taka, áreitni, vinnuréttur, ættleiðing, einelti og fl.

Fleiri konur sækja lögmanna-

vaktina en karlar öll árin og fer þeim fjölgandi. Einnig fjólgar þeim sem leita til vaktarinnar um 24% á milli árunna 1998 og 1999 og um 15% milli árunna 1999 og 2000. Þegar málaflökkarnir eru skoðaðar eru sömu flokkarnir stærstir öll árin. Eins og sjá má af flokkuninni eru málefni sem snúa að fasteignum, hjónaskilnaðarmálum, forsjármálum og skaðabótamálum efst á listanum. Aukning er í fyrirsögnunum um greiðsluferðleika og málum er snúa að stjórnvöldum.

Í maí 2001 eru skráðir 38 lögmennt á vaktina en til stendur að endurskipuleggja listann og senda bréf út til þeirra lögmannt sem ekki eru á listanum og þannig reyna að fjölga lögmönnum á vaktina. Eru lögmenn hvattir til að skrá sig á vaktina og taka þátt í uppbyggilegu starfi félagsins. Á nýrri heimasíðu félagsins er Lögmanna-vaktin kynnt á forsiðu og hægt að nálgast upplýsingar um bókanir og annað sem máli skiptir. Lögmanna-félagið vill þakka öllum lögmönnum sem hafa tekið þátt í uppbyggingu á vaktinni fyrir vel unnin störf.

AÐFARARGERÐIR

eftir Markús Sigurbjörnsson, hæstaréttardómara

Fæst hjá Bóksölu stúdenta og á skrifstofu L.M.F.Í.

— o o o —

Aðrar bækur útgefnar af Námssjóði L.M.F.Í.:

Dómar um bótaábyrgð hins opinbera 1920-1984

Dómar í félagarétti 1968-1988

Dómar í sjóréttarmálum 1965-1982

Dómar um veðréttindi 1920-1988

Dómar í skaðabótamálum 1979-1988

Dómar í skaðabótamálum 1973-1978

Dómar um almennt einkamálaréttarfar

Námssjóður Lögmannafélags Íslands

Jóna K. Kristinsdóttir

Fréttir frá félagsdeild

Afsláttarsamningar

Samningi við Europay Ísland hefur verið sagt upp en samningurinn var skilyrtur á þá leið að afsláttir fengust aðeins gegn framvísun fyrirtækjakorts Europay. Nýir samningar hafa verið sendir til birgja og verður frá og með 1. september heimilt að staðgreiða eða greiða fyrir vörur og þjónustu með öðrum greiðslukortum eða í reikning.

Sýning og kynning á afsláttarsamningum

Vorið 2000 héldu aðilar að afslátt-

arsamningum við lögmenn og félagsdeild sýningu þar fyrirtækin kynntu lögmönnum vörur og þjónustu. Sýningin tókst vel og er fyrirhugað að halda sýningu í haust með svipuðu sniði. Verða þar kynntar nýjungar á tölvum og ýmsu sem tengist rekstri lögmanna-stofa.

Félagsskírteini

Í byrjun maí fengu allir lögmenn í félagsdeild send félagsskírteini en skírteinin eru endurnýjuð árlega.

Haustferð félagsdeildar

Eins og kynnt hefur verið með fréttabréfi í maí er fyrirhuguð ferð á Njálslóðir 1. september n.k. Lagt verður af stað með rútu frá skrifstofu LMFÍ og haldið austur á slóðir Gunnars á Hlíðarenda og Hallgerðar Langbrókar. Verða söguslóðir skoðaðar undir traustri leiðsögn og að lokum snæddur kvöldverður í miðaldaskála. Nánari umfjöllun er að finna í blaðinu.

Að lokum vil ég óska lögmönnum og starfsmönnum á lögmanna-stofum góðs sumars.

Norræna málflutningskeppnin í 17. sinn

Níu laganemar stóðu í ströngu að afloknum prófum í Háskólanum í vor þegar þau undirbjuggu málflutning í Norrænu málflutningskeppninni sem fram fór í Hæstarétti Finnlands þann 9. júní sl. Málið fjallaði um tjáningarfrelsi og regluna um að hver maður skuli teljast saklaus uns sekt hans er sönnuð. Samtals voru málflutningsliðin tólf sem þátt tóku og þrjú lið í riðli. Í okkar riðli var dómsforseti Hanne Sofie Greve, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu. Í fyrstu umferð mættu Íslendingar liði frá Stokkhólmi, sigurvegurum síðasta árs, og höfðum við betur í það sinn. Dómsformaður tilkynnti að besti ræðumaður eftir fyrstu umferð væri að mati dómara seinni ræðumaður varnar, Ásta Stefánsdóttir. Ekki náði þó íslenska liðið að komast í undanúrslit að þessu sinni. Þeim mun meiri var gleðin þegar tilkynnt var við verðlaunafhendingu eftir lokakeppni að seinni ræðumaður sóknarinnar okkar, Dýrleif Kristjánsdóttir, hefði verið valin besti ræðumaður í okkar riðli.

Það voru því stoltir þátttakendur sem sigldu heim frá Helsinki sunnudaginn 10. júní, eftir verðskuldaðan árangur góðrar vinnu. Þau hafa fengið haldgóða þekkingu á sviði Mannréttindasáttmála Evrópu og ekki síst dýmæta reynslu við undirbúning málflutnings. Auk þess hafa þau skapað mikilvæg tengsl við verðandi starfssystkini sín í nágrannalöndunum.

Þessi þátttaka er möguleg vegna stuðnings Lögmannafélagsins, dómsmálaráðuneytisins og ekki síst einstakra lögmannna og fleiri aðila. Er þeim færðar góðar þakkir fyrir að gera þetta kleift í ár eins og mörg undanfarin ár.

Því miður standa Íslendingar ekki bara höllum fæti í þessari keppni hvað varðar tungumálið. Í háskólum hinna Norðurlandanna er þátttaka í þessari virtu keppni metin til eininga í laganámi. Yfirleitt er það um hálf misseris nám, þannig að sérstakir mannréttindakúrsar eru kenndir þar sem þátttaka í keppninni er hluti námskeiðsins. Laganemarnir hafa því oftast um 8-10 vikur til þess að undirbúa þessa keppni og þurfa ekki að sinna öðru á meðan. Í hálfan annan áratug var það svo að ekki var talið unnt vegna skipulags lagadeildar að taka upp slíkt fyrirkomulag hér á landi. Með tilkomu einingakerfis í lagadeild hefur öllum formlegum hindrunum verið rutt í burtu. Vonandi vill Lagadeildin búa betur að þessum áhugasömu og duglegu nemendum í framtíðinni.



Hópurinn að spóka sig í Helsinki. Frá vinstri: Ásta Stefánsdóttir, Dýrleif Kristjánsdóttir, Skarphéðinn Pétursson, Gunnar Þór Þórarinnsson, Björg Finnbogadóttir, Erla Kristín Árnadóttir, Sigurbjörg Sigurjónsdóttir, Sigrún Kristjánsdóttir og Hulda Elfa Björgvinsdóttir. Á myndina vantar Önnu Dögg Hermannsdóttur.



Æfing 1. júlí. Dýrleif, Hulda og Sigrún.



Æfing í Héraðsdómi 1. júní. Vörnir Björg, Ásta, Skarphéðinn og Anna Dögg.



A morgun:
 Ná í jakkann úr hreinsun
 Komta við í apótekinu
 Láta bankann sjá um fjármálin



Hér bíður enginn eftir þjónustu

Varðan er viðtæk fjármálaþjónusta sem veitir þér persónulega og sveigjanlega þjónustu á öllum sviðum. Í Vörðunni færð þú greiðsluþjónustu sem losar þig við óþarfa biðraðir og gluggapóst á meðan þú nýtur þess öryggis að hafa öll fjármálin á einum stað.

Vörðufélagar eru traustir viðskiptavinir og eiga því kost á fjölbreyttum lánamöguleikum. Auk fjölbreyttra tilboða og fríðinda færð þú gullkreditkort og gulldebetkort sem tryggja þér þjónustu um allan heim og veita m.a. punkta hjá Vildar-klúbbi Flugleiða.

Nýttu þér einstaka þjónustu Vörðunnar og láttu bankann sjá um fjármálin.

Varðan er alvöru þjónusta fyrir alvöru fólk.



Landsbankinn

Betri banki